

Lagt fyrir fund velferðarráðs 13. ágúst 2026

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um greiningu á stoð- og stuðningsþjónustu

Lagt er til að velferðarsvið greini hvort og hvernig veitt þjónusta í stuðnings- og stoðþjónustu fyrir fullorðið fatlað fólk endurspeglar þarfagreiningu, SIS-mat og þjónustuáætlanir einstaklinga, meti fjárhagsleg áhrif ósamræmis þar á milli og geri tillögur að úrbótum hvar við á.

Greinagerð

Velferðarráð þarf yfirsýn yfir stöðuna til þess að geta metið hvort þjónustan sé í samræmi við þarfir notenda og hvort fjármagnið skili þeim árangri sem stefnt er að.